

SAMÞYKKT**58**

19. maí

um breytingu á samþykktum nr. 170 9. okt. 1959 fyrir sparisjóð Kópavogs.

1. gr.

Upphaf 4. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af bæjarstjórn Kópavogs á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til eins árs.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. maí 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT**59**

23. maí

fyrir Seltjarnarneshrepp.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seltjarnarneshrepps.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðhátta, enda mæli heilbrigðisnefnd með því.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Er hreppsstjóri sjálfkjörinn í nefndina og er jafnframt formaður hennar. Ef héraðslæknir er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans. Þriðja nefndarmann kys hreppsnefnd.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir. Er skylt að kveðja nefndina til fundar, ef nefndarmaður æskir þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir svo og kærur, er nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd eftirrit af hverri fundargerð.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal þá málinu skotið